



Fréttabréf Skeiða- & Gnúpverjahrepps

8. tbl - 17. árg - Október 2020

Brot af efni í blaði mánaðarins:



Ég þakka vinkonu minni og nöfnu fyrir áskorunina. Hér kemur uppskrift að helgarsteik.

Folaldafille með villisveppasósu

Fyrir 4 manns

Folaldafille:

- 800 til 1000 g folaldafille -
- smjörklípa -
- sjávarsalt -
- svartur pipar -

Snöggsteikið folaldafille upp úr smjöri á háum hita í um 1 mínútu á hvorri hlið til að mynda stökkan hjúp. Setjið kjötið í eldfast mót og eldið í ofni við 160° í 5 mínútur. Takið kjötið úr ofninum og látið standa í 5 mínútur. Endurtakið 4 - 5 sinnum eða þar til kjarnhiti

kjötsins hefur náð 58-60°. Þegar kjötið er eldað með þessum hætti verður það alveg sérstaklega mjúkt og gott.

Villisveppasósa:

- 1 laukur -
- 1 msk smjör -
- svartur pipar -
- 2 tsk dijon sinnep -
- 1/2 dl viski -
- 3 dl vatn -
- 2 dl rjómi -
- 1 til 1 1/2 msk villibráðarkraftur -
- 1 glas blandaðir skógarsveppir -
- sósujafnari -

Fínsaxið lauk og steikið í potti með smjöri og svörtum pipar þar til hann hefur mýkst og brúnast fallega. Bætið við dijon sinnepi og

viski og sjóðið niður við vægan hita á um 4 mínútur. Hellið vatni og rjóma í pottinn og bætið við villibráðarkrafti ásamt skógarsveppum. Hitið að suðu og látið sósuna krauma í um 10 mínútur. Bætið við sósujafnara eftir smekk og látið sósuna krauma áfram í 10 mínútur.

Ofnbakaðar sætar kartöflur:

- 2-3 sætar kartöflur -
- olía -
- svartur pipar -
- sjávarsalt -
- rósmarín -

Skerið sætar kartöflur í litla tenninga og setjið í eldfast mót. Veltið þeim upp úr olíu, svörtum pipar, sjávarsalti og rósmarín. Ég notaði þurrkað rósmarín en mér þykir alltaf best að nota ferskt. Bakið í ofni við 200° í 40-50 mínútur.

Ég skora svo á vin minn Bjarna Birgisson á Blesastöðum að koma með eitthvað af sínum dásamlegu uppskriftum.

Kveðja, Jóhanna Lilja Arnardóttir

Afmælistilboð Landstólpa

MS DryCare Plus og Keto Protect á 20% AFSLÆTTI Í OKTÓBER Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

MS DryCare Plus

- Sóththreinsar bása.
- Dregur í sig tvöfalda þyngd sína í raka.
- Dregur úr jógurbólgu.
- Hreinni kýr.
- Lægri frumutala.
- Lægri líftala.



Undirburður - MS DryCare Plus - 25 kg

Verð kr. 6.990 (**20% afsl.** - kr. 5.592)

*Öll verð eru með vsk

Keto Protect

- Mjög lystugt fyrir kýr.
- Hjálpar kúm að komast fyrr í hámarks nyt.
- Minnkar líkur á súrdoða.
- Þar sem að kýr ná ekki fullri átgetu fyrr en 80-100 dögum eftir burð þá er Keto Protect góður valmöguleiki til þess að koma jafnvægi á orkubúskap kúrninnar.



Súrdoðavörn - Keto Protect - 25 kg

Verð kr. 19.990 (**20% afsl.** - kr. 15.992)

*Öll verð eru með vsk

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
Sími 480 5600

Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
Sími 480 5610

47. fundur sveitarstjórnar – 16. september 2020 í Árnesi

1. ÁRSPING SASS 2020

Lagt fram bréf frá Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi, SASS, dagsett 7. september 2020 um boð á ársþing SASS, 29. og 30. október 2020. Á ársþinginu verða haldnir aðalfundir SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands (HSL) og Sorpstöðvar Suðurlands (SOS).

Skeiða- og Gnúpverjahreppur á 3 fulltrúa á ársþing SASS, en á aðalfund SOS er aðeins tilnefndur 1 fulltrúi fyrir hvern eignaraðila.

Tilnefnd á ársþing og aðalfund SASS og aðalfundi HSL eru: Björgvin Skafti Bjarnason, Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Einar Bjarnason sem aðalmenn

og Ingvar Hjálmarsson, Matthías Bjarnason og Anna Kr. Ásmundsdóttir sem varamenn. Tilnefndur á aðalfund SOS er: Björgvin Skafti Bjarnason, til vara Einar Bjarnason.

2. AÐALFUNDUR HEILBRIGÐISEFTIRLITS SUÐURLANDS

Lagt var fyrir bréf frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands (HSL), dagsett 7. september 2020 varðandi aðalfund HSL 30. október 2020. Tillögur aðalfundarfulltrúa til aðalfundar þurfa að berast framvæmdastjóra HSL fyrir 12. október næstkomandi.

Fulltrúar á aðalfund HSL eru tilgreindir í dagskrárlið 1.

3. STAFRÆNN FAGHÓPUR SASS

Lagt fyrir bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dagsett, 6. ágúst 2020 um tilnefningu fulltrúa landshlutasamtaka í stafrænt ráð sveitarfélaga.

Stafrænt ráð skipað fulltrúum landshluta er að norskri fyrirmynd og á að vera ráðgefandi um stefnumótun og ákvarðanatöku Sambandsins um samstarf sveitarfélaga í stafrænum málum og hagsmunagæslu þess gagnvart ríki og birgjum.

Tilnefna á fulltrúa úr hópi framkvæmdastjóra sveitarfélaga eða kjörinna fulltrúa í hverjum landshluta.

Meðfylgjandi bréfinu er erindisbréf fyrir stafrænan faghóp

SASS, dagsett 11. september 2020.

Skafti tilnefndi Bjarna H. Ásbjörnsson sem fulltrúa í staf-rænan faghóp.

Það var samþykkt.

4. JAFNRÉTTISSTEFNA

Lögð var fyrir jafnréttisstefna Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2020 - 2022, sem fjallar um jafna stöðu allra kynja hjá sveitarfélaginu, þar á meðal jafnlaunastefnu sem er grunnur jafnlaunavottunar sem fram fer í næsta mánuði.

Jafnframt var lögð fram staðfesting Jafnréttisstofu, dagsett 14. september 2020 á jafnréttisstefnunni og aðgerðar- og framkvæmdaáætlun hennar.

Ennfremur var lögð fram tillaga að skipuriti sveitarfélagsins, sem er hluti af gögnum sem þurfa að liggja fyrir fyrir jafnlaunavottun.

Jafnréttisstefnan og skipuritið voru samþykkt án mótaskvæða.

5. KÆRA FRÁ LANDSVIRKJUN TIL YFIRSKATTANEFNDAR

Lagt var fyrir bréf frá Yfirfasteignamatsnefnd, dagsett 28. ágúst 2020 þar sem greint er frá því að nefndinni hafi borist kæra, dagsett 24. ágúst 2020, frá LEX ehf fyrir hönd Landsvirkjunar varðandi fasteignamat á skrifstofu- og starfsmannahúsi að Búrfellsvirkjun, Skeljastöðum.

Nefndin óskaði eftir umsögn sveitarfélagsins varðandi kærana.

Umsögn Skeiða- og Gnúpverjahrepps til nefndarinnar, dagsett

11. september 2020, var lögð fram til kynningar sem Unnur Hermannsdóttir, lögmaður, fyrir hönd Ívars Pálssonar, lögmanns hjá Landslögum vann fyrir sveitarfélagið og leggur fram við Yfirfasteignamatsnefnd.

Lagt fram til kynningar.

6. 201 FUNDUR SKIPULAGSNEFNDAR

Lögð var fram fundargerð 201. fundar Skipulagsnefndar, dagsett 9. september 2020. Nánar um afgreiðslur í fundargerð á vefsíðu skeidgnup.is.

7. AFGREIÐSLA BYGGINGAFULLTRÚA 20 - 126

Lögð var fyrir fundargerð yfir afgreiðslur byggingafulltrúa nr. 20-126, dagsett 2. september 2020.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

8. 13. FUNDUR AFRÉTTAMÁLANEFNDAR

Lögð var fram 13. fundargerð Afréttamálanefndar, dagsett 20. ágúst 2020 ásamt fjárhagsáætlun fjallskila.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar og fjárhagsáætlunin var samþykkt af sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

9. 12. FUNDUR SKÓLANEFNDAR FLÚÐASKÓLA

Lögð fram fundargerð 12. fundar skólanefndar Flúðaskóla, dagsett 2. september 2020.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

10. 16. FUNDUR STJÓRNAR BYGGÐA-SAFNS ÁRNESINGA

Lögð fram fundargerð 16. fundar stjórnar Byggðasafns Árnesinga, dagsett 9. september 2020.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

11. 8. FUNDUR BYGGINGARNEFNDAR BÚÐARSTÍGS 22

Lögð fram fundargerð 8. fundar bygginganefndar um framkvæmdir að Búðarstíg 22. dagsett 9. september 2020.

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

12. AÐALFUNDARGERÐ TÚNS VOTTUNARSTOFU 2020 ÁRSSKÝRSLA. OG REIKNINGAR 2019

Lögð var fram fundargerð aðalfundar Vottunarstofunnar Túns, dagsett 26. ágúst 2020 ásamt ársskýrslu og ársreikningi 2019.

Fundargerðin, ársskýrslan og ársreikningur 2019 voru lögð fram til kynningar.

13. SVÆÐISSKIPULAG SUÐURHÁLENDIS 1 OG 2 FUNDUR

Lögð var fram fundargerð 1. fundar um svæðisskipulag Suðurnálandisins, dagsett 30. júní 2020 og fundargerð 2. fundar um svæðisskipulag Suðurnálandisins, dagsett 1. september 2020.

Fundargerðirnar voru ræddar og staðfestar.

14. 886. FUNDUR STJÓRNAR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Lögð var fram fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 28. ágúst 2020.

Fundargerðin lögð fram og staðfest.

15. VERKEFNIÐ SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT SUÐURLANDS

Lagt var fyrir kynningarbréf frá Margréti Blöndal, verkefnisstjóra yfir verkefninu Sinfóníu-hljómsveit Suðurlands sem hefur það að markmiði að byggja upp starfsemi klassískrar hljómsveitar á Suðurlandi.

Bréfið var lagt fram og kynnt.

16. ÖNNUR MÁL

a. Trúnaðarmál.

Trúnaðarmál fært í trúnaðarbók.

b. Ósk um samning um leikskólavist.

Lögð var fram ósk um það að Skeiða- og Gnúpverjahreppur geri samning um leikskólavist

utan sveitarfélagsins í ágúst og september.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir að gera samning um greiðslu kostnaðar vegna septembermánaðar en ekki vegna ágústmánaðar þar sem erindið barst of seint.

48. fundur sveitarstjórnar – 30. september 2020 í Árnesi

1. ÚTHLUTUN LÓÐA

Erindi frá íbúum um úthlutun lóða á milli Réttarholts og Flata.

Á fundinn komu Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir og Ólafur Jóhannsson. Þau óskuðu eftir samtali við sveitarstjórn um úthlutun lóða á milli Réttarholts og Flata.

Sigurlaug lagði fram uppdrátt af deiliskipulagi ÍB10 og óskaði eftir upplýsingum um stöðu þess máls. Oddviti upplýsti um það að um væri að ræða tillögu að deiliskipulagi sem ekki væri búið að afgreiða.

Fram kom að ekki væri búið að ákveða hvenær viðkomandi svæði yrði tilbúið til úthlutunar ef deiliskipulag yrði afgreitt.

Upplýst var að tilbúna eru lóðir til úthlutunar við fyrirhugaðan Búðarfossveg sunnan við þéttbýlið í Árnesi. Gestum var bent á að skoða uppdrátt af svæðinu á vefsvæðinu map.is. Hægt er með tiltölulega litlum fyrirvara að úthluta lóðum á þessu svæði.

2. HRAUNTEIGUR LEIÐRÉTTING Á LANDSTÆRÐ OG LANDSKIPTI 2020

Lögð var fram breyting á kaup-

tilboði á landinu Hrauntegi L177886, dagsett 25. september 2020 frá Birgi Erni Birgissyni og Kristjönu Heyden vegna breytingar á stærð lóðar. Við mælingu kom í ljós að lóðin er minni en áður var talið.

Rétt stærð lóðar eru 76.134 m² og breytt kauptilboð með sömu forsendum og áður kr. 1.637.132,-

Sveitarstjórn samþykkir breytt kauptilboð og felur sveitarstjóra að gefa út afsal fyrir lóðinni.

3. 202 FUNDUR SKIPULAGSNEFNDAR

Lögð var fram fundargerð 202. fundar skipulagsnefndar, dagsett 23. september 2020. Nánar um afgreiðslur í fundargerð á vefsíðu skeidgnup.is.

4. 127 AFGREIÐSLUFUNDUR BYGGINGAFULLTRÚA

Lögð var fyrir fundargerð 127. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, dagsett 16. september 2020.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

5. ÁSHILDARMÝRI, AÐALSKIPULAG - BREYTING Á LANDNOKUN

Lögð var fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi um landnotkun

í landi Kílhrauns, Áshildavegi 2 -26. Breytingin felst í því að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt úr því að vera frístundabyggð yfir í það að vera íbúðabyggð svo hægt verði að stofna þar lögbýli með heilsársbúsetu í huga.

Ganga þarf frá samningum við félag eigenda lóðanna varðandi framtíðar fyrirkomulag vatnsveitna, fráveitna, vegagerðar og fleira áður en tillagan verði send til frekari málsmeðferðar.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna með fyrirvara um málsmeðferð samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

6. FLATIR 14 REKSTARLEYFI

Lögð voru fram andmæli Steins Sigríðar Finnbogasonar, lögmanns hjá Traust Legal, fyrir hönd Arctic yeti ehf, dagsett 2. september 2020 varðandi fyrirhugaða synjun umsóknar Arctic yeti ehf um rekstarleyfi. Enn fremur voru lagðar fram tvær yfirlýsingar frá lóðarhöfum nærliggjandi lóða.

Sveitarstjórn samþykkir að fá lögformlegt álit á andmælum þessum.

7. SKÁLDABÚÐIR-VINDORKUGARÐUR

Lagt var fyrir bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 28. ágúst 2020 um lýsingu fyrir breytingu á aðalskipulagi og gerð deiliskipulags vegna vindorkuvers á jörðinni Skáldabúðir (Hrútmúlavirkjun).

Skipulagsstofnun beinir því til Skeiða- og Gnúpverjahrepps að taka mið af fyrirhugaðri tillögu að viðauka við landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 um vindorkunýtingu og viðmið fyrir ákvarðanir um staðsetningu vindorkuvera með tilliti til landslagssjónarmiða við mótun skipulagshugmynda í landi Skáldabúða.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa þessari lýsingu til höfundar deiliskipulagsins og taka tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar.

8. AÐGERÐARÁÆTLUN SOS

Lögð voru fyrir drög að aðgerðaráætlun Sorpstöðvar Suðurlands bs. vegna sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á vesturlandi, suðvesturlandi og suðurlandi, ódagsett í september 2020.

Lagt fram til kynningar.

9. STÖÐUSKÝRSLA UPPBYGGING-ARTEYMIS ATVINNU- OG FÉLAGS-MÁLA

Lögð var fram til kynningar 5. stöðuskýrsla Félagsmálaráðuneytisins frá teymi um uppbyggingu félags- og atvinnumála í kjölfar COVID-19, dagsett 18. september 2020.

10. 196. FUNDARGERÐ TÓNLIST-ARSKÓLA ÁRNESINGA

Lögð var fram til kynningar 196. fundargerð stjórnar Tónlistarskóla Árnésinga, dagsett 17. september 2020.

11. 8. FUNDARGERÐ STJÓRNAR BÁ 05.06.2020

Lögð var fram til kynningar fundargerð 8. stjórnarfundar Brunavarna Árnessýslu, dagsett 5. júní 2020.

12. 9. FUNDARGERÐ STJÓRNAR BÁ 18.09.2020

Lögð var fram til kynningar 9. fundargerð stjórnar Brunavarna Árnessýslu, dagsett 18. september 2020.

13. 20. FUNDARGERÐ STJÓRNAR BERGRISANS 14.09.2020

Lögð var fram til kynningar fundargerð 20. fundar stjórnar Bergrisans, dagsett 14. september 2020.

14. FUNDARGERÐ STJÓRNAR SAM-TAKA ORKUSVEITARFÉLAGA

Lögð var fram til kynningar fundargerð 42. fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga, dagsett 4. september 2020.

15. FUNDUR NOS 23.9.2020

Lögð var fram til kynningar fundargerð NOS, dagsett 23. september 2020.

16. STJÓRN LISTASAFNS ÁRNESINGA
Lagðar voru fram til kynningar fundargerðir stjórnar Listasafns Árnésinga, dagsettar 24. apríl 2020 og 24. september 2020.

17. 10. FUNDARGERÐIR SKÓLANEFNDA
Lagðar voru fram fundargerðir 10. fundar skólanefndar Þjórsárskóla og Leikholts, dagsettar 15. september 2020.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðirnar.

18. ÖNNUR MÁL

Sveitarstjórn samþykkir að veita Kristófer sveitarstjóra prókúru að nýju þegar hann snýr til starfa eftir veikindaleyfi þann 1. október 2020.

Unnið er að lagfæringu á samþykkt sveitarfélagsins um gatnagerðargjöld. Verið er að samræma texta samþykktarinnar við texta laga um gatnagerðargjöld.

Unnið er að því að ganga frá tímabundum samningum við Rauðukamba um Hólaskóg.

Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að ganga til samninga við Bjarna H. Ásbjörnsson um sérverkefni sem unnin verða á næstu tveimur mánuðum.

Anna María spurðist fyrir um starfsemi Umhverfisnefndar sem hefur verið óvirk í meira en ár. Skafti sagði að fjölga þyrfti um einn í nefndinni og brýna hana til þess að vinna að þeim verkefnum sem henni er falið.



Allar fundargerðir og fylgiskjöl eru aðgengileg á skeidgnup.is
Scannaðu QR kóðan og þú getur farið beint á fundargerðasiðuna.

Fréttir frá Þjórsárskóla

Sumarlestur 2020

Nemendur Þjórsárskóla tóku þátt í „Sumarlestri“ og var þátttakan frábær en 39 af 45 nemendum skólans tóku þátt. Markmiðið með verkefninu er að auka lestraráhuga, hvetja nemendur til þess að vera dugleg að lesa á sumrin og þar með viðhalda þeim framförum sem þau hafa náð yfir veturinn. Að hausti er veitt viðurkenning fyrir þátttöku í verkefninu.



Þetta árið fengu nemendur vatnsflösku merktá skólanum, verðlaunapening og viðurkenningskjal.

Hjóladagur

Þann 9. september var hinn árlegi hjóladagur í Þjórsárskóla. Nemendur komu með hjólin sín í skólann og farið var í hjólaferðir mislangar eftir aldri og getu nemenda. Nemendur fengu umferðafræðslu í undirbúningi fyrir hjóladaginn og allir hjóluðu í endurskinsvestum.



Réttarvikan

Í vikunni fyrir réttir voru unnin margs konar verkefni um réttir



og fjallferðir hjá öllum bekkjum. 1.-2. bekkur bjó t.d. til kindur, flettu upp í markaskránni og settu „sitt“ bæjarnúmer í eyrun á þeim.

Dagur íslenskrar náttúru og Grænfaninn afhentur í níunda sinn

16. september er dagur íslenskrar náttúru og unnum við á miðstigi verkefni í tilefni dagsins sem þar sem nemendur sömdu sögur sem tengdust náttúrunni og nærumhverfi skólans. Sigurlaug Arnardóttir sérfræðingur frá Landvernd kom til okkar þennan dag og fylgist með nemendum vinna verkefnið og aðstoðaði okkur með hugmyndir og úrvinnslu. Eftir sögugerð og morgunmat var grænfaninn afhentur í sal og fulltrúar nemenda, Vésteinn Loftsson og Emelía Karen Gunnþórsdóttir



tóku við fánanum.

Heilsueflandi samfélag

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er nú heilsueflandi samfélag. Þann 14. september var skrifað undir samning og sungu nemendur skólans við athöfnina sem haldin var utandyra við Árnes.



Ritunarkennsla

Í vetur er áhersla á ritunarkennslu hjá 1.-4. bekk. Til að kveikja áhuga nemenda fengum við flotta fyrirmynd, nemanda í 5. bekk, til þess að koma og lesa fyrir okkur frumsamdar sögur.

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands

Öllum nemendum í 1. - 4. bekk var boðið á tónleika með nýstofnaðri Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, sem haldnir voru í Flúðaskóla. Guðmundur Óli Gunnarsson stjórnandi sveitarinnar kynnti hljóðfærin fyrir krökkunum en síðan lék hljómsveitin verkið Lykilinn sem er eins konar útgáfa af Pétri og úlfnum.



EF ÉG Á AÐ REYKJA FYRIR YKKUR JÓLAHANGIKJÖTIÐ, ÞÁ ENDILEGA HAFIÐ SAMBAND SEM FYRST. SÍGRÚN FOSSNESI SÍMI 486-6079 OG NETFANG SIGRUNFOSSNES@GMAIL.COM

Stafagöngu-námskeið:

Ef nægt þátttaka næst verður boðið uppá stafagöngu-námskeið í Árnesi. Það yrði þá samtals 4x, á mánudögum og miðvikum dögum kl. 16:30. Tímarnir verða aðlagðir að getu þátttakenda en stafaganga hentar öllum sem alhliða styrktar- og þolþjálfun, hvort sem er fyrir eldri borgara eða afrekshólf í íþróttum. Þátttökugjaldið 1000 kr. og verður hægt er að fá lánaða stafagöngustafi, en annars má nota sína eigin. Komið klædd eftir veðri!

Staður: Árnes, fyrir utan félagsheimilið Kl. 16:30 og hver tími er í 30-45 mín.
Leiðbeinandi: Gunnar Gunnarsson, íþróttar- og heilsufræðingur
Mánudaganna: 12. og 19. október
Miðvikudaganna: 14. og 21. október.
Fyrirspurnir eða skráningar sendist til: heilsueflandi@skeidgnup.is


HEILSUEFLANDI
samfélag
velliðan fyrir alla

Skilafrestur í fréttabréf 2020

Nóvember
Skil á efni: 29. október

Desember
Skil á efni: 3. desember

Skilafrestur í næsta blað er 29. október
Útgáfudagur er viku síðar

ÍBÚÐIR TIL SÖLU Í SVEITARFÉLAGINU!



Buggerði 9B

Buggerði 9B, 99,9 fm, 4 herb. miðjuíbúð í þrígga íbúða raðhúsi í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Íbúðin er nú á byggingarstigi 6, fullgerð án lóðarfrágangs, og matsstigi 8, tekin í notkun í byggingu, og hefur verið í útleigu í nokkra mánuði. Nánar á facebook síðu SKOGN



Holtabraut 18

Eignin er skráð 174,6 fm en þar af er mjög góður bílskúr 52,1 fm. Þrjú góð svefnherbergi, möguleiki á því fjórða í hluta af bílskúr. Góð lofthæð í húsinu, einhalla þak þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að koma fyrir innfelldri lýsingu. Nánar á facebook síðu SKOGN

Tilveran nær og fjær, haustið 2020

Undirritaður er kominn til starfa hjá sveitarfélaginu að nýju eftir hlé um nokkurt skeið. Hefur sá tími verið nýttur til góðs. Bjarni Ásbjörnsson hefur staðið vaktina með þryði. Framundan eru krefjandi tímar í rekstri sveitarfélagsins. Veruleikinn ef horft er til ytri aðstæðna, er ekki auðveldur viðureignar um þessar mundir. Kórónuveirufaraldur kemur víðast hvar við sögu í einhverri mynd. Þegar þetta er ritað hefur þriðja hrina faraldursins færst í aukana og ákveðið hefur verið að herða samkomutakmarkanir. Engin leið er að sjá fyrir endann á þessum ósköðum. Manni verður hugsað til þess hversu mannskepnan er lítilsmegnug gagnvart þessum veiruskratta. Fyrir innan við ári, var það fjarri öllu að gera ráð fyrir því sem skall á snemma á árinu.

Eins og kunnugt er var afkoma sveitarfélagsins á síðasta ári langt undir væntingum. Í örstuttu máli eru ástæður þess mikill samdráttur í tekjum og aukning í útgjöldum. Ég hef lagt fram skýringar í þeim efnum á sveitarstjórnarfundum fyrr á árinu. Visast til bókana þar að lútandi. Þegar árangur er slæmur í rekstri, hvort sem um er að ræða sveitarfélag eða einkafyrirtæki, þá beinast spjótin gjarnan að framkvæmdastjóranum. Það er ekkert óeðlilegt, en fleiri koma við sögu. Ef horft er áratug aftur í tímann er meðaltalsniðurstaðan ekki slæm. Samantekt á rekstrartölum þessa árs sýna því miður verulegt tap. Engu að síður er skuldsetning og þar með eiginfjárstaða

sveitarfélagsins mjög ásættanleg. Sveitarfélagið heldur úti mikilli þjónustu og hlúir vel að íbúum sínum. Það er allavega mitt mat. Þjónustan hefur verið mjög skikknalega verðlögð. Engan veginn nægjanlega til að mæta kostnaði. Kostnaðarþrýstingur hefur vaxið mjög á undanförunum árum. Til að mynda hafa kjarasamningar á síðustu misserum aukið launakostnað verulega. Engu að síður hef ég fullan skilning á að starfsfólk sveitarfélagsins hafi þörf fyrir að kjör þess batni. Kostnaður við sorpþjónustu hefur vaxið óhugnanlega, sem og kostnaður við byggðasamlög sem sveitarfélagið tekur þátt í. Svo sem Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings og Umhverfis og tækisviðs. Auk þess er fasteignasafn sveitarfélagsins mikið miðað við stærð þess, það kostar sitt. Í vinnu við fjárhagsáætlun sem framundan er mun verða óhjákvæmilegt að rýna rækilega alla kostnaðarþætti í rekstrinum. Varla er um annað að ræða en að teknar verði ákvarðanir sem

ekki verða líklegar til vinsælda. Undirritaður lagði til nokkrar tillögur til sveitarstjórnar um hagræðingu í júlí sl, þær bíða afgreiðslu sveitarstjórnar, mér er ljóst að tillögurnar eru umdeildar í samfélaginu.

Þó útkoma rekstrar sé ekki betri en raun ber vitni þá hljótum við að trúa því að úr rætist. Fyrr hafa orðið áföll og birt upp síðar. Þó aðstæður séu eins og þær eru ætla ég að vonast til þess að veturinn verði okkur hagstæður í víðum skilningi. Eigum við það ekki skilið?

Kristófer Tómasson sveitarstjóri



Leikholtið

Í Leikholti er allt komið á fullt í starfi með börnum úti og inni.

Elstu börnin fá að fara í sund einu sinni í viku með Siggu og Hauki í Skeiðalauginni fram að skólaheimsóknum.



Í haust erum við búin að aðlaga fjögur ný börn í Leikholt og kveðja tvö börn sem voru að flytja. Í heildina erum við 33 börn í október.

Í fyrra voru keypt fjögur ný leik-tæki á leikskólalóðina og voru þau sett upp núna í haust, ein lítil rennibraut fyrir yngstu börnin, ein lítil róla fyrir yngri börnin að æfa sig að róla og tvö vegasölt. Leikskólagarðurinn fékk líka smá hreinsun þegar söguð voru niður fjórar stórar aspir sem voru í litla garðinum. Garðurinn lifnaði aldeilis við það, því þá sást meira í sólina. Haukur og börnin hafa svo ekki setið auðum höndum með efniviðinn sem aspirnar gáfu af sér. Stub-barnir og greinarnar sem skildir voru eftir eru búnir að breytast í klifurstaura, krókódíl, hús og margt fleira. En myndir segja meira en þúsund orð.

Kærar kveðjur frá öllum úr Leikholti.



Fundarboð – Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja

Aðalfundur Búnaðarfélags Gnúpverja verður haldinn 20. október í Félagsheimilinu Árnesi kl. 20:00. Vegna samkomutakmarkana þurfa félagar að skrá mætingu sína á facebooksíðu félagsins.

Dagskrá:

1. Skýrsla formanns
2. Skýrsla gjaldkera
3. Kosningar
4. Kynning á drögum að nýjum lögum félagsins
5. Kosning um ný lög félagsins
6. Önnur mál

Hér eru drög að nýjum lögum félagsins:

Lög

Búnaðarfélags Gnúpverja.

Auglýst fyrir aðalfund 2020

1. grein: Félagið heitir Búnaðarfélag Gnúpverja, félagsvæðið er Eystri-Hreppur (Gnúpverjahreppur hinn forni). Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. grein: Félagið er meðlimur í Búnaðarsambandi Suðurlands og þar með einnig í Bændasamtökum Íslands samkvæmt gildandi lögum þessara félagasambanda. Félagismaður getur kosið að standa utan þessara samtaka, skulu þeir þá undanskyldir bæði þeim réttindum og skyldum, þ.m.t. kjörgengi, sem af þátttöku félagsins í ofangreindum samtökum hlýst. Skal félagsstjórn halda sérstaka skrá yfir slíka félaga.

3. grein: Markmið félagsins er að vinna að alhliða eflingu búskapar og búsetu á félagsvæðinu.

4. grein: Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að stuðla að aukinni snyrtimennsku, land- og gróðurvernd, bættri nýtingu ræktarlands, hlunninda, ræktun og aðbúnaði búfjár, með því að ýta undir aukna þekkingu á þessum sviðum. Einnig stuðla að aukinni hagkvæmni búrekstrar, m.a. með samnýtingu tækja og öðrum þeim þáttum sem leitt geta til bættra búskaparhátta á

félagsvæðinu. Auk þess eiga hlut að hverju því máli sem til heilla getur orðið fyrir félagsmenn og sveitarfélagið í heild sinni eftir því sem við á.

5. grein: Félagar geta þeir einstaklingar orðið, sem þess óska og stunda búrekstur eða aðra tengda starfsemi, á félagsvæðinu. Aðild einstaklinga skal óháð því hvort þeir stunda slíkan rekstur í eigin nafni eða annara. Undir þetta fellur hverskonar búfjárrækt, jarðrækt, skógrækt, garðrækt, og ylrækt. Einnig eftirfarandi stafsemi fari hún fram á félagsvæðinu: nýting hlunninda, framleiðsla og þjónusta, þar með talðri opinberri þjónustu. Félögum er hætt hafa rekstri skal heimil áframhaldandi þátttaka með fullum félagsréttindum. Aðalfundur getur veitt inntöku í félagið manni búsettum utan félagsvæðisins uppfylli hann ákvæði laga félagsins að öðru leiti.

6. grein: Aðalfundur ákveður hverju sinni upphæð árgjalda félagsins. Sé félaginu gert að innheimta árgjöld á félagsmenn vegna þátttöku þess í öðrum samtökum, leggjast þau ofan á árgjöld félagsins. Greiði félagismaður ekki árgjald sitt, glatar hann réttindum sínum í félaginu. Úrsögn úr félaginu skal berast stjórn þess með formlegum hætti fyrir upphaf nýs starfsárs.

7. grein: Aðalfundur er æðsta vald félagsins, hann skal halda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Stjórn er þó heimilt að seinka aðalfundi ef knýandi ástæður liggja fyrir, þó aldrei lengur en til loka nóvember.

Á aðalfundi skal eftirfarandi tekið fyrir:

-Skýrsla stjórnar um starfsemi á liðnu ári.
-Endurskoðaður ársreikningur síðasta árs lagður fram til umræðu og samþykktar.

-Umræður, tillögur atkvæðagreiðslur um starfsemi og önnur málefni félagsins.

-Kosningar samkvæmt 8.gr.

-Ákvörðun um þóknun stjórnar og annara trúnaðarmanna fyrir störf þeirra.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála, nema um sé að ræða lagabreytingar. Aðalfundur er löglegur ef

a.m.k. meirihluti stjórnarmanna mætir og löglega er til hans boðað. Lögmat er sú fundarboðun sem birtist félagsmönnum með opinberum hætti a.m.k. viku fyrir fundardag. Aukafund skal halda þegar félagsstjórn telur þess þörf, eða 1/3 félagsmanna óskar þess skriflega við félagsstjórn. Skal þá fundarefni tilgreint sérstaklega.

8. grein: Stjórn félagsins skipa þrír menn kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Skal á hverjum aðalfundi kjósa einn mann og ræður hlutkesti fyrstu tvö árin hver úr gengur, en síðan eftir röð. Á hverjum aðalfundi skal kjósa tvo menn í varastjórn og aðra þá trúnaðarmenn sem félaginu ber. Úr jöfnum atkvæðum skal skorið með hlutkesti. Stjórnarmenn geta þeir einir orðið sem eiga lögheimili á félagsvæðinu.

9. grein: Stjórnin skiptir með sér verkum, formann, gjaldkera og ritara, fer hún með málefni og skyldur félagsins milli aðalfunda. Starfsár og reikningsár félagsins er almanaksárið, skal stjórn fyrir upphaf hvers starfsárs ráða löggiltann endurskoðanda vegna reikninga félagsins komandi ár. Stjórn heldur gjörðabók, þar skulu skráðar fundargerðir og allar þær ákvarðanir er félagið varðar. Formaður leiðir starf stjórnar, boðar til funda og er málsvari félagsins út á við.

10. grein: Verði félagið lagt niður skulu sjóðir þess eftir uppjör skulda, varðveittir hjá Sveitarstjórn félagsvæðisins. Sjóðinn skal ávaxta með traustum hætti, í 10 ár. Rísi samsvarandi félag/búnaðarfélag á starfssvæðinu innan þess tíma falla eignir þess því til ráðstöfunar. Að þeim tíma liðnum skal sveitarstjórn ráðstafa sjóðnum til framfaramála á sviði landbúnaðar innan félagsvæðisins.

11. grein: Lögum þessum verður ekki breytt nema á lögmatum aðalfundi og þá með samþykki 2/3 atkvæða fundarmanna. Tillögur um breytingar á lögum skulu fylgja fundarboði. Breytingar á lögum skulu sendar Búnaðarsambandi Suðurlands til staðfestingar. Færa skal löginn, í heild, í gerðabók félagsins hvert sinn er lagabreyting fer fram.



Kirkjuskóli, fermingarstörf og alls konar helgiþahald!

Kæru sveitungar,

Ekki þarf að fjölyrða um fordæmalausa tíma síðustu mánuðina vegna veirufaraldursins. Við náðum þó að ljúka fermingarmessum núna á þessu hausti og bindum vonir um að safnaðarstarfið geti orðið með hefðbundnum hætti í vetur. Eins og í fyrra verður upp

á kirkjuskóla fyrir yngsta aldurshópinn fjóra laugardaga í september og október klukkan 11. Kirkjuskólinn verður starfræktur í Hrepphólakirkju og fyrsta samveran verður laugardaginn 21. september og síðan næstu þrjá laugardaga í framhaldinu. Fjölskylduguðsþjónusta sunnudaginn 18. október markar lok kirkjuskólans sem verður í umsjá Jónu Heiðdísar Guðmundsdóttur, djáknakandidats, og sóknarprests. Þá verður boðið upp á kyrrðarþæn á fimmtudagskvöldum kl. 20 í Hrepphólakirkju í sex vikur í október og nóvember

og mun Jóna Heiðdís leiða þær samverur.

Hversdagsmessur, fjölskylduguðsþjónustur og aðventusamkomur.

Hversdagsmessur í miðri viku munu prýða dagskrá helgiþahaldsins og að venju verða fjölskylduguðsþjónustur einu sinni í mánuði. Aðventusamkomur verða síðan í Árnesi og í Hruna á fyrsta sunnudegi í aðventu.

Fermingarstörfin hefjast

Fermingarbörn og foreldrar þeirra eru boðuð til helgistundar í Hrunakirkju sunnudagskvöldið 20. september. Þá verður farið yfir skipulag fermingarstarfanna í vetur. Fermingarfræðslutímarnir verða að venju á mánudögum í október og nóvember kl. 15-17 í safnaðarheimilinu í Hruna.

Takið frá pláss á ísskápnnum!

Dagskrá helgiþahaldsins í kirkjunum okkar verður að venju dreift í öll hús í prestakallinu um miðjan september og er þess vænst að hún fái sitt fasta pláss á ísskáp heimilisins eða minnistöflu. Viðburði og helstu fréttir úr kirkjustarfinu má finna á fésbókarsíðu prestakallsins, facebook.com/hrunaprestakall og á heimasíðunni hruni.is.

Ég hlakka til samfunda í haust og vetur. Guð blessi okkur haustið og veturinn framundan.

Óskar Hafsteinn Óskarsson
sóknarprestur



HEILSUGÆSLUSTÖÐIN LAUGARÁSI

Sími: 432-2770

Opið virka daga kl. 08 - 16

Símatímar lækna kl. 9-10 & 13-14

Lyfjaendurnýjun er milli kl. 8-9
í síma 432-2020.

Einnig rafrænt á www.heilsuvera.is

Utan opnunartíma er þjónusta lækna á Selfossi. Sími vaktþjónustu lækna og hjúkrunarfræðinga er 1700

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings.

Ragnheiður Hergeirsdóttir
forstöðumaður
ragnheidur@arnesthing.is

Velferðarþjónusta Árnesþings í
Laugarási. Sími: 480-1180

Í NEYÐARTILVIKUM HRINGIÐ Í 112



PRÖMYND

- Brúðkaup -
- Viðburðir -
- Auglýsingar -
- Streymi -

Og allt þar á milli!

Alhliða myndbanda framleiðsla!
ProMynd.is - ProMynd@ProMynd.is

SUNDLAUGAR

SKEIÐALAUG

Sími: 486-5500

19. ágúst - 31. desember

mánudaga kl.18:00-22:00.
þriðjudaga LOKAÐ.
miðvikudaga LOKAÐ
fimmtudaga kl.18:00-22:00.
föstudaga LOKAÐ
laugardaga LOKAÐ
sunnudaga LOKAÐ

NESLAUG

Sími: 486-6117

1. okt 2020 - 31. maí 2021

mánudaga LOKAÐ
þriðjudaga LOKAÐ
miðvikudaga kl.17:00-22:00.
fimmtudaga LOKAÐ
föstudaga LOKAÐ
laugardaga kl.13:00-18:00.
sunnudaga LOKAÐ

Umsjónarmaður er Eypór Brynjólfsson

Sími: 897-1112 | Netfang: eythorb@gmail.com



Frettabréf
Skeiða- & Gnúpverjahrepps

ÁBYRGÐARMAÐUR:

Kristófer A. Tómasson

UMSJÓN OG UMBROT:

Amenic ehf. / Matthías og Kristján

Blaðinu er dreift ókeypis á öll heimili og fyrirtæki í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Skilafrestur í næsta blað er 29. október.

Útgáfudagur er viku síðar.

Netfang: frettabref@skeidgnup.is

Heimasíða: www.skeidgnup.is

GÁMASVÆÐIN

Opnunartímar:

Við Árnes:

Þriðjudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 10-12

Í Brautarholti:

Miðvikudaga kl. 14-16

Laugardaga kl. 13-15

Gjaldskyldur úrgangur:

Almennur óflokkaður úrgangur frá heimilum og fyrirtækjum. Blandaður óflokkaður úrgangur. Timbur málað og ómálað. Vörubretti. Húsgögn. Gler. Gifs og gifsplötur. Steinefni/múrbrot. Annar grófur úrgangur. Hjólbarðar m/felgum.

Gjaldfrjáls úrgangur:

Hreinar plastumbúðir. Annað flokkað plast (hreint). Bylgjupappi. Dagblöð, tímarit og pappír. Fernur. Flokkaðir málm-ar. Hjólbarðar. Raftæki.

Umsjónarmaður: Björn Axel Guðbjörnsson

GSM: 893-4426 | Netfang: björn@skeidgnup.is



WebPro

**VEFSÍÐUR
VEFHÝSING
TÖLVUPÓSTUR
FORRITUN**

WWW.WEBPRO.IS

WEBPRO@WEBPRO.IS | SÍMI: 419 2525

SKRIFSTOFA SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

SVEITARSTJÓRI

Kristófer A. Tómasson

486-6113 & 861-7150 kristofer@skeidgnup.is

RITARI OG VEFUMSJÓN

Kristjana H. Gestsdóttir,

Sími: 486-6105 - kidda@skeidgnup.is

ÁHALDAHÚS/ÞJÓNUSTUSTÖÐ

Björn Axel Guðbjörnsson

Sími: 893-4426 - björn@skeidgnup.is

ODDVITI

Viðtalstími miðvikudaga kl. 13-16

Björgvin Skafti Bjarnason

Sími: 895-8432 - oddviti@skeidgnup.is

ÞJÓRSÁRSKÓLI

Sími 486-6000

Skólastjóri: Bolette Høeg Koch

Sími: 486-6051 & 895-9660

bolette@thjorsarskoli.is

LEIKSKÓLINN LEIKHOLT

Sími: 486-5586 - leikholt@leikholt.is

Leikskólastjóri: Elín Anna Lárusdóttir

Sími: 895-2995


AÐALBÓKARI OG LAUNAFULLTRÚI

Sylvía Karen Heimisdóttir

Sími: 486-6104 - sylviakaren@skeidgnup.is

OPNUNARTÍMI: Mánudaga til fimmtudaga: 9-12 & 13-15. Föstudaga: 9-12

SÍMI: 486-6100 - **NETFANG:** skeidgnup@skeidgnup.is



SELÁSBYGGINGAR ehf

Reisum með reisin

Sími: 894-4142

FJARSKIPTAFÉLAG

SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

LJOS@SKEIDGNUP.IS

SIGVALDI K. JÓNSSON: 863-4111

JÓN HÁKONARSON: 669-0095

